

ERLENT SAMSTARF

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur jafnan verið í miklu samstarfi við erlenda skóla. Um er að ræða rannsóknir, samstarf um ákveðin verkefni og gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara. Helstu samstarfsverkefni á árunum 1984 - 2004 voru þessi:

- Comeniusar-verkefni. Samstarf við framhaldsskóla í Grikklandi, Ítalíu og Spáni um verkefnið „Hafið.” 1996 - 2000.
- Comeniusar-verkefni. Samstarf við framhaldsskóla í Herning í Danmörku og Luleå í Svíþjóð um verkefnið „Nordisk Autismenetværks-samarbejde.” 2002-2003.
- Comeniusar-verkefni. Samstarf við framhaldsskóla í Västerås í Svíþjóð, Amersfoort í Hollandi og Cesena á Ítalíu um verkefnið „Velferðarkerfi í Evrópu.” 2003.
- Community College-verkefni. Samstarf við Florida Atlantic University í Boca Raton í Flórída í Bandaríkjunum um hugmyndafræði og upplýsingar um verkefnið virkur skóli í samfélaginu 1997 - 2004.
- Community College-verkefni. Samstarf við Rochester Community and Technical College í Minneapolis í Minnesota í Bandaríkjunum um hugmyndafræði og upplýsingar um verkefnið virkur skóli í samfélaginu 2001 -2002.
- Community College-verkefni. Samstarfi við Warwick University í Coventry í Englandi um hugmyndafræði og upplýsingar um verkefnið “Community Action”. 2000 - 2003.
- Leonardo da Vinci-verkefni. Samstarf við Open Campus Learning í Skotlandi, FAS í Írlandi, IDEC í Grikklandi, Háskólann í Helsinki í Finnlandi, Obchodna Akademia í Slóvakíu, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Menningar- og fræðslusamband Íslands, um verkefnið „Spiderweb – Project” 2002 - 2004.
- Nordplus-junior-verkefni. Samstarf við Johannesskole Gymnasiet í Kaupmannahöfn í Danmörku um nemendaskipti, m.a. til að efla dönskukunnáttu. 1999 - 2003.
- Nordplus-junior-verkefni. Samstarf við Stenhus Gymnasiet í Holbæk í Danmörku um nemendaskipti, m.a. til að efla dönskukunnáttu 2002 - 2003.

- Nordplusverkefni. Samstarf við Uusikaupunki Novida í Uusikaupunki í Finnlandi um kennara- og nemendaskipti. 2003.
- Samstarf við Tranberg Videregående Skole í Gjøvik í Noregi um nemenda- og kennaraskipti 2003.
- Leonardo da Vinci-verkefni. Samstarf við Liceo Ginnasio Statale “Aristofane” í Róm á Ítalíu um nemendaskipti 1997. Markmiðið var að kynnast sögu, listum og menningu beggja landa.

Skólinn sendi Eini Guðlaugsson, nemanda í FG, á Global Youth Leadership Conference (GYLC) í Washington DC í Bandaríkjunum í júní 2001.

Skólinn sendi Ölmu Guðmundsdóttur, nemanda í FG, á Global Youth Leadership Conference (GYLC) í Washington DC í Bandaríkjunum í júní 2002.

Auk þessa hafa verið skipulagðar fjölmargar ferðir með námshópa til Englands, Svíþjóðar, Noregs, Finnlands, Danmerkur, Þýskalands, Frakklands, Spánar og Hollands.